

## Alþingi.

### Afgreidd lög.

*Lækningastofa* verður stofnsett fyrir fátæklinga í sambandi við háskólann, eftir ákvæðum alþingis.

*Efri deild* hefir samþykkt 12,000 kr. veitingu til þess að byggja fyrir fyrirmyndar búpeningshús á Hólum í Hjaltadal.

Felt var í e. d. frumv. L. H. B. og J. J. um kosning borgarstjóra í Rvík, fjárveitingin til brúar á Jökulsá á Sólheimasandi, fjárveitingin til Eskifjarðarveggar, Gilsfjarðarveggar, enn fremur felt að veita Jóni Þorlákssyni verkfræðing 400 kr. launaviðbót og feld launaviðbót símamannanna Gísla Ólafssonar og P. Smiths. Einnig feldi e. d. 20,000 kr. fjárveiting til viðgerðar dómkirkjunnar í Rvík.

*Fánamálið* feldi e. d. við síðustu umræðu. Þessir 7 greiddu atkvæði gegn því: Einar á Desjamýri, Eiríkur Briem, Júl. Havst., Steingr. Jónss. Þórarinn á Hjaltabakka, sr. Sig. Stefánsson, Guðjón Guðl. Með fánamálinu greiddu 6 atkv. þeir: Sig. Eggerz, Hákon Kristófersson, Björn Þorláksson, Guðm. Björnsson, Jósep Björnsson, Jón Jónatansson.

## Vatnsleiðslumálið.

Sunnan til í Kræklingahlíðinni eru stórir lækir sem sjást af brekkubrúnni hjá Gagnfræðaskólanum og virðast þeir hjeðan að sjá vera miklir alt sumarið. Vegna þess að eigi þótti ólíklegt, að lækir þessir gætu komið til greina, þegar velja á vatnsból fyrir hina fyrirhuguðu vatnsleiðslu Akureyrarbæjar, fóru nokkrir Akureyringar í fyrradag þangað upp eftir og skoðuðu upptök þess lækjar, sem rennur niður hjá Hesjuvöllum. Lækurinn kemur upp í hlíðinni beint upp af Hesjuvöllum í tæplega 500 metra hæð yfir sjávarmál. Uppsprettilindirnar liggja allar í sömu hæð og mjög skammt á milli þeirra. Eftir lauslegri mælingu er vatnið úr aðallindunum 20 lítrar á sekúndu, en það verður um 15000 tunnur á sólarhring, og ætti því að vera nóg vatn handa 15 þúsund manns. Vatnið er bragðgott og kalt (líðugar 3<sup>o</sup> C.), og eftir sögn bóndans á Hesjuvöllum er vatnið úr lindunum jafnmikið allan ársins hring og óhreinkast aldrei, hvorki í leysingum nje rigningum. Vatnsmagn lindanna, sem skoðaðar voru, reyndist svo yfirfljóandi nægilegt fyrir Akureyri, að óþarft þótti að skoða fleiri lindir í svipaðri hæð til beggja handa.

Vegalengdin frá miðbiki Akureyrar til lindanna í Kræklingahlíðinni er líklega lítið sem ekkert lengri heldur en frá sama stað yfir Leiruna til lindanna fyrir ofan Vargjá. Af þeim lind-

um sem skoðaðar hafa verið hingað til virðast lindarnar fyrir ofan Hesjuvelli að vera lang álitlegasta vatnsbólið fyrir Akureyri í framtíðinni, bæði vegna vatnsmagnsins og vegna afstöðu lindanna, og má telja sjálfsgott, að þær verði rannsakaðar vandlega áður en afráðið verður að taka vatnið í vatnsleiðsluna annarstaðar.

## Skýrsla

### um hag barnaskólans á Akureyri.

Yfirlit yfir starfsemi skólans síðastliðin fimm ár.

Eftir Halldóru Bjarnadóttur.

Við erlenda alþýðuskóla er það síður að gefa út skýrslu um ástand skólanna 5. hvert ár.

Með línunum þessum langar mig til að skýra frá hag barnaskólans hérna, athuga hvað við höfum, hvað okkur vantar og að hverju við erum að keppa.

*Skólahúsið og lóðin.* Skólahúsið er 13 ára gamalt. Það er gott hús, þó það sé fremur lítið og ekki álitlegt. Það er rammygt, hlýtt og bjart, með háum kjallara, 4 kenslustofum, kennarastofu og gangi. Kenslustofurnar eru bjartar og loftgóðar (stærð á tveimur 11 aln.  $\times$  9 $\frac{1}{2}$   $\times$  4 $\frac{1}{2}$ , tvær stofurnar eru nokkru styttri), með tvöföldum gluggum og ágætum eldstæðum.

Borð, sæti og skápar eru í góðu lagi.

Í sumar stofurnar verður að tvísetja, og þar eð kvöldskólinn hefir hér líka aðsetur sitt, eru 2 herbergin notuð 10 og 12 tíma í sólarhring. Loftið er þó aldrei slæmt, það þökkum við mest skóskiftunum. Þvílíkur munur á loftinu og útlitinu á skólastofunum hjá því sem áður var.

Skólinn er ágætlega vel settur til skólasóknar fyrir börnin, mitt á milli »Eyranna«, í skjóli við brekkuna.

Vatn fæst nóg úr sérstökum brunni í brekkunni fyrir ofan skólann, og frá ræsla er hin þægilegasta, að eins fáir faðmar í sjóinn. Hægðarleikur væri að koma fyrir vatnssalernum í kjallaranum, væri það mun þökkalegra og heilsusamlegra, en að hafa það með gamla laginu.

Að þessum tíma hefir mest verið unnið að viðgerðum innanhúss, utanhúss er margt ógert, enda verður ekki alt gert í einu, það er ekki von. Ráðgert er nú að laga brekkuna fyrir ofan skólann og stækka leikvöllinn nokkuð, hann hefir lengi þótt óhæfilega lítill. Það er þó bót í máli, að snjónum er mokað af honum daglega, svo börnin geta farið út, þegar fært er veður; það eru að eins fáir dagar árlega, sem þau hafa orðið að vera inni. Fleiri frímínútur mundu þó teknar inni í illveðri, ef húspláss leyfði. Kenslustofurnar má ekki nota nema í tímunum.

Til viðgerða hefir verið varið um 250 kr. árlega til jafnaðar.

*Leikfímishús.* Tilfinnanleg vöntun er á leikfímishúsi við skólann. Leikfímiskenslan fer fram uppi á brekku í leikfímishúsi Gagnfræðaskólans, þetta fyrirkomulag er afar erfitt og óþægilegt ýmsra hluta vegna. Ef barnaskólinn á framvegis að vera þar sem hann er, þarf að byggja leikfímishús norðan við skólann. Þar er hentugur lóðarblettur. Húsið mundi verða til margra hluta nýtsamlegt, bæta mikið úr rúmleysinu, veita börnunum húsaskjól í illviðrum og skólasamkomunum haust og vor m. m.

*Söfn.* Skólinn á talsvert af áhöldum, myndum og kortum til notkunar við kensluna í hinum ýmsu námsgreinum, og eyðist það safn smásaman.

Handbókasafn til afnota fyrir kennara og útlendar kenslubækur 68 bindi. Sumt gjafir. Bókasafn barnanna 185 bindi. Nokkuð gjafir. Börnin leggja sjálf til 25 au. á vetri til bókakaupa. Þeim þykir mjög mikið til koma að eiga bókasafn sér, og nota það mæta vel. Lestrarfýsnin eykst og góðar bækur koma heim á heimilin, sem ella hefðu máské ekki komið þar.

Til áhaldakaupa hefir verið varið alt að 190 kr. til jafnaðar ár hvert.

*Nemendatala. Deildir.* Tala barnanna hefir verið 135—165. Deildirnar 5 og 6. 20—30 börn í deild. Fyrst framan af voru börnin á mjög mismunandi þekkingarstigi, þó þau væru á sama aldri, en í seinni tíð hefir þetta jafnað sig talsvert, og kenslan því orðið að meira gagni. Það þykir betra að kenna 30 börnum á líku reki með góðum árangri, en 10 börnum ólíkum að þroska og þekkingu. Síðastliðinn vetur voru deildirnar 5. 14 börn á skólaskyldum aldri fluttust úr bænum fyrir 14. okt. 1912 — deildirnar háltæmdust — aðeins 5 fluttust inn í staðinn. Með því að færa saman í deildunum og fækka um eina, átti að reyna að koma í veg fyrir, að það lag kæmist á, að börn, sem hæfileika hafa til að ganga í gegn um allar deildir, fermist úr næst síðustu deild, það er ófært, því síðasta deild á að þroska börnin mest. Öll, sem aldur og hæfileika höfðu til, voru því síðastliðin haust færð upp í 3. og 4. deild, til þess í vetur að geta komist upp í 4. og 5. deild. Nokkrir aukatimar voru haldir með þeim, sem vildu dragast aftur úr.

Börn yngri en 10 ára hafa verið 10—20 árlega í skólann.

Framhald.

## Skrópar læknaðir.

Læknirinn kvartaði yfir að geta ekkert gert við sjúkling sinn. »Við kunnum ekki við að úthýsa þessum letingja, en það er auðséð að að honum gengur ekkert annað en skrópar. Hann kann vel við sig hér, ekkert að gera og nóg að eta. Eg vildi að forsjónin

hjálpaði mér til að koma honum burtu án þess að gera uppístand.« »Fyrirgefið þér, læknir,« sagði eg eftir dálitla umhugsun, »vildu þér ekki lána mér nokkrar álnir af seglgarni, og eg skal veðja við yður að dóninn verður allur á bak og burt í kvöld.« »Eg vona að þér ætlið ekki að hengja hann?« sagði læknirinn. »Látið þér mig um það,« svaraði eg, »eg lofa að gera honum ekkert mein.« — Eg fékk náttúrlega seglgarnið, setti upp raunsvip og fór inn að rúminu til svertingjans. »Mjög slæmur?« spurði eg. »Já herra minn,« svaraði hann, »voðaveikur.« Eg sagði ekki meira, en festi annan endann á seglgarninu við höfuðið á honum og dró það hægt og hægt niður að fótunum á honum. Svo mældi eg brjóstbreiddina. Negrinn leit út fyrir að verða bæði hissa og hræddur og spurði: »Því gerið þér þetta?« Eg anzaði ekki en gekk burtu. Hann settist upp í rúminu eins og örskot og spurði hver væri meiningin. Eg þóttist láta undan og hvíslaði: »Vinur minn, læknirinn veit að þér getur ekki batnað, og það eru bara útgjöld að hafa þig liggjandi hér, þegar maður veit að það hefir enga þýðingu. Eg var einmitt að taka mál af þér (hér lækkaði eg ennþá röddina) vegna líkistunnar. Þér verðið jarðaður á morgun með viðhöfn. Það er gert hér í svipuðum tilfellum. Það er best öllum málsaðilum.«

Enginn vissi, hvernig negrinn komst burt úr spítalanum, en morguninn eftir var hann farinn.

## Björn Oddsson.

sonur prentsmiðjueiganda Odds Björnssonar, sá er eigi gat gengið undir stúdentspróf, vegna veikinda í vor og mikinn hluta sumars, lauk því prófi 6. þ. m. með ágætum vitnisburði, svo áf 30 piltum, sem stúdentspróf hafa tekið í sumar, hlutu aðeins tveir hærri einkunn en hann (72 stig). Björn er yngstur stúdentanna, 18 ára gamall, og hinn mannvænlegasti piltur. — Sigldi hann í gær með »Ceres« til Khafnarháskóla og ráðgerir að stunda þar jarðfræði.

## Gifting.

6. þ. m. voru gefin saman í hjónaband ungrú Vilhelmina Sigurðardóttir (kaupm. Sigurðssonar) og verzlunarstjóri Páll V. Jónsson. »Norðurland« óskar hjónunum til hamingju.

## Símastöðin á Akureyri.

Efri deild samþykkti með öllum atkvæðum að landssjóður keypti núverandi símastöðvarhús handa landsímastöðinni hér. Málið hefir einnig vist fylgi í neðri deild.

## Verzlunarreikningar

og

umslög

með »firma«-nafni, fást í prentsmiðju Odds Björnssonar.